

## Skipulags- og samgönguráð.

Ár 2018, miðvikudaginn 22. ágúst kl. 12:33, var haldinn 5. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal. Viðstaddir voru: Sigurborg Ó. Haraldsdóttir, Gunnlaugur Bragi Björnsson, Kristín Soffía Jónsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Örn Þórðarson, Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúarnir Sunna Magdalena Mörtudóttir, Baldur Borgþórsson, Ásgerður Jóna Flosadóttir. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Hermannsson, Ásdís Ásbjörnsdóttir, Oddrún Helga Oddsdóttir, Marta Grettisdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Starfsfólk skipulagsfulltrúa sitja fundinn, eftir atvikum undir liðum 2-9, 12, 13, 17 og 18. Fundarritari er Harri Ormarsson.

### (A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 17. ágúst 2018.

Lögð fram bókun áheyrnafulltrúa Sósíalístaflokksins við lið 1. vegna máls nr. 18 á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 17. ágúst 2018 er varðar Skúlagötu 26, 17 hæða hótél 195 herbergi;

“Þrátt fyrir að fyrirhuguð sé húsnæðisuppbygging á þessu svæði er mikilvægt að stuðla að enn frekari húsnæðisuppbyggingu í borginni í stað margra hæða hótél byggingar. Áheyrnafulltrúi Sósíalístaflokksins telur það að greiða leiðina fyrir byggingu svo stórs hótels í hjarta Reykjavíkur, í miðri húsnæðiskreppu ekki vera ákjósanlegt, þegar áhersla ætti að vera fyrst og fremst á íbúða uppbyggingu fyrir almenning”.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

„Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar benda á að deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á þessu gamla atvinnusvæði þar sem áður voru engar íbúðir rís nú íbúðarhús með 31 íbúð. Þær bætast við um það bil 130 íbúðir sem nú eru að rísa milli Vitastígs og Barónsstígs. Um þessar mundir er verið að byggja nokkur hundruð nýjar íbúðir af alls konar stærðum og gerðum við Hverfisgötu. Hótelið sem nú verður byggt rís á skilgreindu atvinnusvæði við Skúlagötu við hlið Kex-hostels“.

2. Ármúli 7, breyting á deiliskipulagi (01.262.1) Mál nr. SN180352  
530117-0490 Reitir - þróun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 8. maí 2018 ásamt bréfi dags. 7. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Suðurlandsbrautar, Hallarmúla, Ármúla og Vegmúla vegna lóðarinnar nr. 8 við Ármúla. Í breytingunni felst að bæta við tveimur hæðum ofan á tengibyggingu, efsta hæð verður inndregin, bæta við einni hæð ofan á núverandi skrifstofuhúsnæði og tengja núverandi byggingar Ármúla 7 við rekstur hótelsins Ármúla 9 og mynda eina samstæða hótelsamstæðu, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. THG Arkitekta ehf. dags. 8. maí 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2018.

Kl. 12:42 vikur Örn Þórðarson af fundi, Marta Guðjónsdóttir tekur sæti á fundinum á sama tíma.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2018.  
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir og áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka: “Ekki er ljóst hvenær deiliskipulagsvinna verður lokið og ekki er búið að ákveða með hvaða hætti það verður unnið. Þessi áform eru því sett á ís án þess að ljóst sé hvernig og hvenær skipulagi sé lokið”.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

“Múlarnir eru spennandi svæði. Göturnar búa yfir mörgum kostum góðra borgargatna. Mikilvægt er að vel tekist til í endurskipulagningu svæðisins svo kostir þess nýtist sem best, öllum til hagsbóta. Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar styðja niðurstöðu skipulagsfulltrúa og telja mikilvægt vinna við rammaskipulag svæðisins hefjist sem fyrst”.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Bólstaðarhlíð 20, breyting á (01.274.0) Mál nr. SN180447  
deiliskipulagi  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 14. júní 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 20 við Bólstaðarhlíð, Ísaksskóli. Í breytingunni felst að afmarkaður er byggingarreitur fyrir eina færanlega kennslustofu á einni hæð, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 30. maí 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 21. júní 2018 til og með 19. júlí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Skúli Sveinsson hdl. dags. 17. júlí 2018. og Halldóra Lía Bjargardóttir f.h. húsfélags Bólstaðarhlíðar 26 dags. 20. júlí 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Hverfisgata 123, breyting á deiliskipulagi (01.222.1) Mál nr. SN180378  
691199-3559 Tómas & Dúna ehf, Bergholti 2, 270 Mosfellsbær  
020341-2979 Helgi Hafliðason, Stuðlasel 44, 109 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Helga Hafliðasonar dags. 15. maí 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagarðsreits vestari, Hlemmur+ vegna lóðarinnar nr. 123 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að heimilt er að koma fyrir einni hæð ofan á núverandi útbyggingu á baklóð með aðgangi um svalagang frá stigahúsi og setja svalir á götuhlíð, samkvæmt uppdr. Helga Hafliðasonar arkitekts dags. 31. maí 2018. Einnig er lagður fram skuggavarpuppdr. dags. 31. maí 2018. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. júlí 2018 til og með 24. júlí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Gestur Halldórsson f.h. Ingibjargar A. Gestsdóttur eiganda og íbúa að Hverfisgötu 121 dags. 9. júlí 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018. Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018.

Ingvar Jón Bates Gíslason verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Kjalarnes, Saltvík, breyting á (01.222.1) Mál nr. SN180552  
deiliskipulagi  
260978-5789 Atli Jóhann Guðbjörnsson, Flétturimi 5, 112 Reykjavík

Lögð fram umsókn Atla Jóhanns Guðbjörnssonar dags. 31. júlí 2018 um breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall er aukið á reit B úr 0.3 í 0.5 og lóðir endurskilgreindar þannig að í stað þess að vera hringlaga þá er þeim breytt í ferhyrnda, samkvæmt uppdrætti TAG teiknistofu ehf. dags. 30. júlí 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Miklabraut 101, breyting á deiliskipulagi (01.285) Mál nr. SN180582  
500310-0490 DAP ehf, Litlu-Tungu, 270 Mosfellsbær

Lögð fram umsókn DAP ehf. dags. 14. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Miklubrautar vegna lóðarinnar nr. 101 við Miklabraut. Í breytingunni felst að bæta við vetnisstöð, með einni dælu sem er bætt við núverandi dælu ásamt búnaði, samkvæmt uppdr. DAP ehf. dags. 14. ágúst 2018. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Traðarland 1, Víkingur, breyting á (01.875.9) Mál nr. SN180583  
deiliskipulagi  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 15. ágúst 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi íþróttasvæðis Víkings að Traðarlandi 1. Í breytingunni felst að aðalkeppnisvöllur verði lagður með upphituðu gervigrasi og koma fyrir fjórum ljósamöstrum með LED lýsingu á úthornum öryggissvæðis við keppnisvöll, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 14. ágúst 2018. Einnig er lögð fram greinargerð Teiknun ehf. dags. 13. júlí 2018.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Vegamótastígur 7 og 9, breyting á (01.171.5) Mál nr. SN180507  
deiliskipulagi  
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík  
550305-0380 Reir ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkþings ehf. dags. 4. júlí 2018 ásamt bréfi dags. 4. júlí 2018 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Í breytingunni felst að koma fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða í borgarlandi. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018.  
Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Jón Kjarran Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Bólstaðarhlíð 47, Háteigsskóli, breyting á (01.271.2) Mál nr. SN180314  
deiliskipulagi  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar dags. 26. apríl 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 47 við Bólstaðarhlíð, Háteigsskóli. Í breytingunni felst að koma fyrir byggingarreit fyrir tvær færanlegar kennslustofur á suðausturhluta lóðarinnar. Auk þess er lóðarmörkum að Stakkahlíð 1 breytt í samræmi við gildandi deiliskipulag á þeirri lóð, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 26. apríl 2018. Tillagan var auglýst frá 30. maí 2018 til og með 11. júlí 2018. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir/umsagnir: Hverfisráð Hlíða dags. 4. júní 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2018.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2018.  
Vísað til borgarráðs.

Guðlaug Erna Jónsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### **(B) Byggingarmál**

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er :  
fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 985 frá 21. ágúst 2018.

11. Lambhagavegur 11, Nýbygging (02.647.102) Mál nr. BN054797  
480714-2100 Lóuþing ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða staðsteypt verslunar- og skrifstofuhús með bílgeymslu fyrir 40 bíla á lóð nr. 11 við Lambhagaveg.  
Varmatapsútreikningar dags. 29. maí 2018 og greinargerð brunahönnuðar dags. 29. maí 2018 fylgja erindi.  
Stærð: 5.748,0 ferm., 26.550,3 rúmm.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2018.  
Gjald kr. 11.000Útlit.  
Kynnt.

### **(C) Fyrirspurnir**

12. Lækjargata 6A og 6B, (fsp) aukning á (01.140.5) Mál nr. SN180482  
byggingarmagni  
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
700410-1450 Reykjavík Rent ehf, Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Noland arkitekta ehf. dags. 25. júní 2018 ásamt greinargerð ódags. varðandi aukningu á byggingarmagni lóðanna nr. 6A og 6B við Lækjargötu. Um er að ræða auka hæð við Lækjargötu 6A og 6B á vesturhlíð ásamt risi á Lækjargötu 6A sem myndi vera speglun við Lækjargötu 6B rishæðar. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2018.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2018 samþykkt.

Sólveig Sigurðardóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. Austurstræti 3, (fsp) hækkun húss um (01.140.2) Mál nr. SN180479  
tvær hæðir  
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
700410-1450 Reykjavík Rent ehf, Hverfisgötu 105, 105 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Noland arkitekta ehf. dags. 25. júní 2018 ásamt greinargerð ódags. um hækkun hússins á mhl. 01 á lóð nr. 3 við Austurstræti um tvær hæðir, efsta hæð yrði inndregin. Einnig er lögð umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018.

Neikvætt er tekið í fyrirspurnina með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. ágúst 2018.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (E) Samgöngumál

14. Birtingakvísl, stöðubann Mál nr. US180215

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, dags. 16. ágúst 2018 þar sem lagt er til að sett verði stöðubann í Birtingakvísl við austur kant frá bílastæði á móti Birtingakvísl nr. 42 og Straum. Einnig við vestur lant Straum að næstu gatnamótum.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

15. Umhverfismat tillögu að Mál nr. US180197  
samgönguáætlun 2019-2033, umsögn

Samgönguráð auglýsti í byrjun júlí umhverfismat tillögu að samgönguáætlun 2019-2033 til kynningar skv. lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í samgönguáætlun er mörkuð stefna fyrir allar greinar samgangna næstu fimmtán ár. Með umhverfismatinu hafa verið skilgreind helstu áhrif og aðgerðir til að dregið verði úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Í kjölfar kynningar í borgarráði var Umhverfis- og skipulagssviði og samgöngustjóra falið að undirbúa umsögn um umhverfismatið. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur 20. ágúst 2018.

Kynnt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur 20. ágúst 2018.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar:

„Lítill áhersla er lögð á uppbyggingu vegakerfis innan borgarinnar hvort sem um er að ræða götur á ábyrgð ríkis eða borgar og enginn sjáanlegur vilji til að leggjast á árar með ríkinu að bæta úr. Unnið er markvisst að því að útrýma einkabílnum úr borgarskipulaginu og ekki er tekið tillit til tilmæla Vegagerðarinnar um uppbyggingu vegakerfis borgarinnar sem kom fram í skýrslu sem ber heitið: „Vegir á höfuðborgarsvæðinu í umsjá Vegagerðarinnar Höfuðborgarsvæðið 2040 – Sýn Vegagerðarinnar – Júní 2018.“ Lýst er yfir miklum áhyggjum að ekki er gert ráð fyrir lagningu Sundabrautar en í skýrslunni segir um Sundabraut: „Þar til sátt hefur náðst við Reykjavíkurborg um legu og útfærslu Sundabrautar mun Vesturlandsvegur um Mosfellsbæ og Kjalarnes verða fyrsti kostur Vegagerðarinnar að stofnvegi A til norðurs frá höfuðborginni. Syðsti hluti Sundabrautar gæti létt á umferðarþunga í Ártúnsbrekku.“ Á öðrum stað segir um meginstofnvegi sem mynda hringtengingu innan höfuðborgarsvæðisins: „Sú hringtenging samanstendur af Fjarðarhrauni, Hafnarfjarðarvegi, Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar og Miklubraut austan Kringlumýrarbrautar.“ Stjórnendur Reykjavíkurborgar líta ekki til nýrrar tækni í umhverfismálum og hafa gamaldags sýn í samgöngumálum eins og t.d. að taka ekki inn í áætlunina sjálfkeyrandi bíla, rafmagnsbíla og aðra nýja tækni sem kemur á næstu árum“.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir bóka: “Á síðustu átta árum hefur umferð í borginni þungst til mikilla muna og hefur ferðatími lengst verulega. Meira er um lausagang bifreiða vegna tafa í umferð, en bifreiðar geta mun mænað meira við þær aðstæður. Þá hefur hlutfall almenningsgangna haldist óbreytt þrátt fyrir skýr markmið um að hún tvöfaldist a.m.k. á tíu árum. Milljörðum hefur verið varið af vegafé til að tryggja að svo verði, en þrátt fyrir þessar árangurstengdu greiðslur hefur hlutfallið ekkert aukist. Það er því morgunljóst af framansögðu að framkvæmd stefnu Reykjavíkurborgar hefur ekki gengið upp. Þrátt fyrir fögur fyrirheit og skýr mælanleg markmið hefur umferð versnað með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum að ótöldum vandamálum vegna tafatíma í umferð. Svifryksmengun er enn ítrekað yfir heilsufarsmörkum og dagsgildi NO<sub>2</sub> geta verið mjög há. Mikilvægt er að samningi um framkvæmdastopp sem gerður var milli borgarinnar og ríkisins árið 2012 verði sagt upp, enda eru forsendur hans brostnar”.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

“Meirihluti Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar tekur undir umsögn samgöngustjóra vegna umhverfismats samgönguáætlunar 2019-2033. Rétt er að áréttta að frá því markmið um breyttar ferðavenjur voru sett fram í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 hafa hjólreiðar aukist verulega og telja í dag um 7% allra ferða. Farþegum í Strætó hefur einnig fjölgað mikið þrátt fyrir að markmið um hlutfall ferða hafi ekki náðst. Til þess að halda áfram og ná settum markmiðum um fjölbreyttar ferðavenjur er ljóst að það verður að bæta aðstæður fyrir þá sem kjósa almenningsgangur eða fara gangandi eða hjólandi. Það eru hagsmunir allra að draga úr bílaumferð í borginni, m.a. sem mikilvægur þáttur í baráttunni við svifryk og aðra neikvæða umhverfisþætti. Fólksfjöldun seinustu ára og mikil uppbygging í borginni hefur valdið því að tafatími hefur aukist um 3,3% árdegis og 13,5% síðdegis.”

#### (D) Ýmis mál

16. Götuheiti, Laugardalur, Hólmsheiði, Landspítalinn Mál nr. US180196

Lögð fram fundargerð nafnanefndar dags 5. júlí 2018 ásamt tillögum að götu- og stígaheitum í Laugardal, Hólmsheiði og við Landspítalann. Tillögur nafnanefndar að götu –og stígaheitum í Laugardal og Hólmsheiði samþykktar. Tillögum að götuheitum við Landspítalann er frestað. Vísað til borgarráðs.

17. Bryggjuhverfi vestur, svæði 4, nýtt deiliskipulag (04.0) Mál nr. SN170087

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 30. maí 2018 þar sem óskað er eftir umsögnum Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ásamt viðbragða við nokkrum atriðum sbr. bréfi áður en stofnunin tekur afstöðu til nýs deiliskipulags fyrir Bryggjuhverfi vestur, svæði 4. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 13. júlí 2018 og umsögn Vegagerðarinnar dags. 17. júlí 2018. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2018 ásamt nýjum uppdráttum dags. 20. ágúst 2018. Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, fulltrúar Samfylkingarinnar Kristín Soffía Jónsdóttir og Hjálmar Sveinsson og fulltrúi Viðreisnar Gunnlaugur Bragi Björnsson bóka:

“Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Viðreisnar fagna nýju deiliskipulagi fyrir Bryggjuhverfi vestur. Þar munu á næstu árum rísa um 850 íbúðir. Deiliskipulagið er afar vandað og byggir á markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um vistvæna byggð”.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

18. Vesturgata 6-10A, málskot (01.132.1) Mál nr. SN180534  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lagt fram málskot THG Arkitekta ehf. dags. 17. júlí 2018 vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 16. mars 2018 varðandi bílastæði á lóð nr. 6-10A við Vesturgötu. Einnig er lögð fram að nýju umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. mars 2017.

Fyrri afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 16. mars 2018 staðfest.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Eypór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir og Valgerður Sigurðardóttir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US180203  
Staða malbikunarframkvæmda

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um malbikunarframkvæmdir: Hver er staða malbikunarframkvæmda á götum Reykjavíkurborgar? Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

20. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US180202  
framkvæmdir við Klambratún, Birkimel,  
Rauðagerði og Kringlumýrarbraut

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi hver staðan er staðan á framkvæmda við Klambratún, Birkimel, Rauðagerði og Kringlumýrarbraut? Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

21. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US180204  
ósk um fund

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi sérstakan fund í umhverfis- og skipulagsráði um umferðar- og samgöngumál. Hefð er fyrir því í skipulags- og samgönguráði, áður umhverfis- og skipulagsráði, að dagskrá ákveðinna funda sé þematengd, þar má m.a. nefna fundi tileinkaða umferðar- og samgöngumálum. Ráðið leggur því til að haldið verði áfram með sama fyrirkomulag og að næsti þemafundur um umferðar- og samgöngumál verði haldinn núna í haust.

22. Tillaga borgarráðsfulltrúa Mál nr. US180216  
Sjálfstæðisflokksins, um ástandsskoðun á

Íþróttahúsi Hagaskóla  
(USK2018050048)

Lögð fram til kynningar umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. ágúst 2018 um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins frá fundi borgarráðs 24. maí 2018 um ástandsskoðun á íþróttahúsi Hagaskóla.  
Lagt fram.

23. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US180205  
fjölda íbúða í ferðamannagistingu

Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að fá yfirlit yfir fjölda íbúða í ferðamannagistingu: Óskað er eftir að fá yfirlit yfir fjölda íbúða í ferðamannagistingu í íbúðahverfum. Ennfremur hversu margar íbúðir er tómar í miðborg Reykjavíkur sem hafa verið ætlaðar fyrir gistingu?  
Vísad til umsagnar deildarstjóra Aðalskipulags Reykjavíkur.

24. Klapparstígur 29, kæra 48/2018, umsögn, (01.172.0) Mál nr. SN180218  
úrskurður  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 20. mars 2018 ásamt kæru dags. 19. mars 2018 þar sem kærð er breyting á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðar nr. 29 við Klapparstíg sem felst í að heimilt er að vera með veitingastað í flokki II á jarðhæð hússins. Einnig er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 29. júní 2018. Úrskurðarorð: Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

25. Fiskislóð 15-21, sjálfsafgreiðslustöð fyrir (01.089.3) Mál nr. SN170528  
eldsneyti  
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 6. júlí 2018 vegna staðfestingar borgarráðs frá 5. júlí 2018 á synjun um uppsetningu eldsneytisafgreiðslu við Fiskislóð 15-21.

26. Kringlureitur, rammaskipulag (01.721) Mál nr. SN180331

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 28. júní 2018 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á tillögu að rammaskipulagi Kringlusvæðis.

27. Tillaga borgarráðsfulltrúa Mál nr. US180220  
Sjálfstæðisflokksins,, Gufunes

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Valgerðar Sigurðardóttur og Mörtu Guðjónsdóttur.  
Hver eru framtíðaráform varðandi Gufunes ? Hver er staða á gildandi skipulagi, hvaða framkvæmdir eru hafnar og hvaða framkvæmdir eru fyrirhugaðar?  
Frestað.

28. Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Mál nr. US180222  
Sjálfstæðisflokksins,, miðborgin fækkun  
bílastæða

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Eypórs Laxdal Arnalds, Valgerðar Sigurðardóttur og Mörtu Guðjónsdóttur þar sem óskað er upplýsinga um fækkun bílastæða í miðborginni sl. fimm ár.  
Frestað.



29. Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa  
Sjálfstæðisflokksins, fjöldi P-merktra  
bílastæða í miðborginni

Mál nr. US180221

Lögð fram fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Eyþórs Laxdal Arnalds, Valgerðar Sigurðardóttur og Mörtu Guðjónsdóttur þar sem óskað er upplýsinga um fjölda stæða fyrir hreyfihamlaða, P- merkt bílastæði, í miðborginni. Frestað.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 15:30**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Gunnlaugur Bragi Björnsson  
Hjálmar Sveinsson  
Marta Guðjónsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Eyþór Laxdal Arnalds  
Valgerður Sigurðardóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2018, þriðjudaginn 21. ágúst kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 985. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harpa Cilia Ingólfssdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Sigríður Maack, Harri Ormarsson, Gunnar Logi Gunnarsson og Jón Hafberg Björnsson. Fundarritari var Harri Ormarsson.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Austurberg 3 (04.667.101) 112094 Mál nr.  
BN055091  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að koma fyrir köldum potti norðan við eimbað, núverandi rennibraut endurnýjuð, leiksvæði með vatnsleikjatakjum og fallvarnarefni á yfirborði sunnan við innilaug í Breiðholtslaug á lóð nr. 3 við Austurberg.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
2. Áland 1 (01.847.101) 108719 Mál nr.  
BN054942  
110873-3799 Magnús Einarsson, Áland 1, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að byggja einnar hæðar viðbyggingu við einbýlishús úr steinsteypu á lóðinni nr. 1 við Áland.  
Útskrift úr embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. júlí 2018.  
Stærðir: 59,3 ferm., 183,8 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
3. Ásvallagata 52 (01.139.014) 100747 Mál nr.  
BN054303  
620188-1589 Jakobssynir ehf., Gláðheimum 26, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem eru að íbúðarhús stækkar sem nemur svölum á annarri hæð og stækkun bílskúrs á lóð nr. 52 við Ásvallagötu.  
Erindi fylgir húsaskoðun dags. 12. apríl 2018. Samþykki eiganda frá nr. 54 ódags.  
Stækkun íbúðar: 10,7 ferm. , 22,7 rúmm.  
Stækkun bílskúrs: 17,0 ferm., 34,0 rúmm.  
Samtals stækkun: 27,7 ferm., 56,7 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.
4. Bleikjukvísl 11 (04.235.404) 110909 Mál nr.  
BN054800  
310759-5709 Sigurbjörn Magnússon, Bleikjukvísl 11, 110 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja léttbyggt þak yfir verönd sem tilheyrir einbýlishúsi þannig að B rými myndast á lóð nr. 11 við Bleikjukvísl.

Stækkun B rýmis: XX ferm., XX rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. júlí 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júlí 2018.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

5. Borgartún 8-16A (01.220.107) 199350 Mál nr.  
BN055017  
531114-0190 Höfðavík ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. ? á jarðhæð verslunar- og skrifstofuhússins Katrínartúns 4 á lóð nr. 8-16A við Borgartún.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
6. Brattagata 3A (01.136.536) 100625 Mál nr.  
BN053821  
470202-2890 Tómothús ehf., Lynghaga 3, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að verslun á jarðhæð hefur verið breytt í íbúð í húsi á lóð nr. 3A við Bröttugötu.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.
7. C-Tröð 1 (04.765.401) 112483 Mál nr.  
BN055076  
591112-0820 Heimahagi Hrossarækt ehf., Hafnarstræti 97, 600 Akureyri  
Sótt er um leyfi til nýbyggingar við núverandi hesthús byggt á steypum undirstöðum og timburvirki að ofan auk þess að rífa hluta af austurhluta núverandi byggingar á lóð nr. 1 við C-Tröð í Víðidal.  
Stærðir: 328,1 ferm., 3120,4 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
8. Dalhús 2 (02.841.201) 109707 Mál nr.  
BN055072  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN054652 þannig að vaðlaugin stækkar úr 27,3 ferm í 34,0 ferm. við kennslulaug í Grafarvogslaug á lóð nr. 2 við Dalhús.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
9. Efstaleiti 19 (01.745.201) 224636 Mál nr.  
BN054911

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052546 sem felst í breytingu á efnisvali þaksvala vegna brunatæknilegra atriða í húsi á lóð nr. 2 við Efstaleiti.  
Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

10. Egilsgata 14 (01.195.003) 102561 Mál nr.  
BN055057

510517-0830 Reir verk ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta lítillaga fyrirkomulagi í kjallara, 1. hæðar og 2. hæðar og byggja tvöfaldan steinsteyptan bílskúr vestan megin við húsið á lóð nr. 14 við Egilsgötu.

Stærð tvöfaldur bílskúr er: 56,8 ferm., 153,4 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

11. Eldshöfði 10 (04.035.303) 110540 Mál nr.  
BN055090

601200-2280 Eignarhaldsfélagið Partur ehf, Eldshöfða 10, 110 Reykjavík

Sótt er um breytingu á erindi BN051405 sem felst í því að texta um brunavarnir er breytt ásamt hurðaropnun snyrtingar í húsi á lóð nr. 10 við Eldshöfða.

Gjald 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

12. Engjateigur 7A (01.366.504) 224814 Mál nr.  
BN055103

430214-1520 Ístak hf., Bugðufjljóti 19, 270 Mosfellsbær

540671-0959 Iceland Construction ehf., Austurstræti 11, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að koma fyrir 11 bílastæðum, þar tveimur bílastæðum fyrir fatlaða, á lóð nr. 7A við Engjateig.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Fellsmúli 24-30 (01.297.101) 103858 Mál nr.  
BN054604

600302-2560 Dalborg hf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

681016-1200 Pizzan ehf., Strandgötu 75, 220 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki I, tegund c í rými 0104, koma fyrir útihurð og leiða loftræstirör á framhlið upp fyrir þakbrún mhl. 01 á lóð nr. 24-26 við Fellsmúla.

Samþykki frá meðeigendum dags. 27. júlí 2018 og samþykki N1 dags. 21. júní 2018 fylgir Gjald kr. 11.000 + 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

14. Frakkastígur 14A (01.182.123) 101838 Mál nr.  
BN054938  
550703-2890 Svarti ehf, Nóatúni 17, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir gististað í flokki II, tegund g, fyrir 14 gesti ásamt leyfi til að setja flóttasvalir og björgunarop á norðurhlið húss á lóð nr. 14A við Frakkastíg.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2018.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2018 og vísað til athugasemda.

15. Freyjugata 41 (01.194.206) 102550 Mál nr.  
BN054645  
590416-0370 Ásmundarsalur ehf., Sjafnargötu 3, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053002 sem felst í því að innrétta veitingahús í flokki II, teg. e fyrir 55 gesti í Ásmundarsal á lóð nr. 41 við Freyjugötu.  
Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Freyjugötu 37, 39 og 43, 36, 38, 40 og 42 og Eiríksgötu 2, frá 4. júní (útsent bréf) til og með 29. júní 2018.  
Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Elín Borg dags. 12. júní 2018, Benedikt Hjartarson dags. 12. júní 2018, Ingunn Ingimarsdóttir og Páll Borg dags. 26. júní 2018, Fanney Hermannsdóttir dags. 29. júní 2018 og Kristín Jóhannesdóttir dags. 29. júní 2018. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Elísabetu H. Steinarsdóttur og Ástþóri Ragnarssyni dags 17. júlí 2018. Einnig er lagt fram bréf Aðalheiðar Magnúsdóttur og Sigurbirni Þorkelssyni mótt. 18. júlí 2018.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði um breytingu á erindislýsingu dags. 04.06.2018.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

16. Gissurargata 4 (05.113.805) 214854 Mál nr.  
BN055035  
310579-3009 Halla Gísladóttir, Katrínarlind 8, 113 Reykjavík  
081278-3779 Jón Guðmann Jakobsson, Katrínarlind 8, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, efri hæð einangruð að utan og klædd zinkklæðningu á lóð nr. 4 við Gissurargötu.  
Stærð, A-rými: 345,7 ferm., 1.358,4 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

17. Grensásvegur 8-10 (01.295.305) 103846 Mál nr.  
BN055037

611200-3150 Ísteka ehf., Grensásvegi 8, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053958, um er að ræða minni háttar tilfærslur á innra fyrirkomulagi í lyfjaverksmiðju í mhl. 02 á lóð nr. 8-10 við Grensásveg.

Erindi fylgir greinargerð um brunabéttningar dags. 21. júní 2018 og samþykki eigenda mhl. 02 dags. 6. desember 2017.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.

18. Grettisgata 9A (01.172.234) 101488 Mál nr.  
BN055082

700485-0139 Minjavernd hf., Pósthólf 1358, 121 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að flytja hús af Grettisgötu 17 og setja á nýjan kjallara og gera endurbætur á því ásamt því að byggja viðbyggingu til norðurs á lóð nr. 9a við Grettisgötu.

Stærðir alls: 169,8 ferm., 414,4 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

19. Grettisgata 9B (01.172.238) 223960 Mál nr.  
BN055081

700485-0139 Minjavernd hf., Pósthólf 1358, 121 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að flytja hús af Hverfisgötu 61 og setja á nýjan kjallara og gera endurbætur á því ásamt því að byggja viðbyggingu til norðurs á lóð nr. 9b við Grettisgötu.

Stærðir alls: 171,6 ferm., 414,4 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda.

20. Hlíðarendi 6A (01.628.804) 223917 Mál nr.  
BN055040

501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík

